

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

JÚLÍ 2013



7. tbl. 16. árg.

Wilson's PIZZA
S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

HÖFUM OPNAÐ HEILSUHÖF
V/ SÚÐURSTRÖND 10 (GAMLI SKARI)

Systrasamlagið
Virka daga: 8 - 18
Laugardagar: 10 - 16
sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagið

Slökkvitækjaþjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

- bls. 3
KR og SÍF-reiturinn



Vatnsmýrin þykir af mörgum ákjósanlegur kostur sem byggingarsvæði. Séð yfir Reykjavíkflugvöll en flugvél í Færeyaflugi er að koma inn til landingar.

Miðborgin og Vatnsmýrin vinsælustu nýbyggingarsvæðin

Miðbærinn og Vatnsmýrin reyndust vinsælust af mögulegum nýbyggingarsvæðum í Reykjavík. Þetta kemur fram í nýrri búsetuóskakönnun sem unnin var fyrir Reykjavíkurborg og rannsóknarverkefnið Betri borgarbragur.

Eldri hverfin í Reykjavík halda annars stöðu sinni og eru vinsælust þegar spurt er um búsetuóskir fólks. Flestir svarendur, sérstaklega þeir yngri, vilja helst búa í vesturhluta borgarinnar, miðbæ

og nærliggjandi hverfum. Einnig var athyglisvert að um helmingur svarenda bjóst við að flytja og skipta um húsnæði innan fimm ára. 87% þeirra gerði ráð fyrir að flytja innan borgarinnar þar af um helmingur innan sama hverfis.

Viðhorfskönnun á húsnæðis- og búsetuóskum borgarbúa 2013 var unnin fyrir rannsóknarhópinn Betri borgarbragur og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar af Landráði sf. í samvinnu við MMR. Þetta er

þriðja könnunin á húsnæðis- og búsetuóskum sem Land-ráð sf. vinnur fyrir borgaryfirvöld. Þær fyrri fóru fram 2003 og 2007. Þessi könnun var gerð 14. - 25. mars 2013 og sá MMR um frumvinnslu gagna. Hér var um netkönnun (spurningavagn) að ræða og tók 1.421 borgarbúi þátt í könnuninni. Gögnin voru greind með tilliti til aldurs, kyns og búsetu eftir 10 hverfum í Reykjavík.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

verzlunartilboð! mannahelgar

...og fjöldi annarra tilboða

Gilda frá fimmtudegi til mánudags meðan birgðir endast.

Melabúðin
Þín verslun

Hagamel 39 - Sími 551-0224



Lambafille **3.798** kr/kg
Svínahnakki **1.498** kr/kg
Svínakótilettur..... **1.498** kr/kg
Krydduð læri..... **1.598** kr/kg



Vatnsmelónur
99
kr/kg



Jarðarber
249
askjan



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, Sími 564 5933, 898 5933

Netfang: geirgudsteinsson@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

7. tbl. 16. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Framtíð Stóra Sels við Holtsgötu rædd

Lagt hefur verið til í borgarráði að áhugamannafélagið Veraldarvinir fái íbúðarhúsið að Holtsgötu 41b í Vesturbænum til leigu án endurgjalds til þriggja ára gegn því að koma því í viðunandi horf. Í framhaldi af því lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks fram tillögu um nýtingu á Holtsgötu 41b þar sem lagt er til að samráð verði haft við eigendur íbúða og húsfélög, sem liggja að Holtsgötu 41b, Stóra Seli, og þeim kynntar fyrirætlanir Reykjavíkurborgar varðandi umrætt hús og lóð áður en ákvarðanir verða teknar um framtíðarnýtingu þess. Ennfremur er lagt til að íbúðarhúsið Stóra Sel sem stendur við Holtsgötu 41b verði sett í söluferli. Húsið er steinbær með burstalagi, byggt árið 1866 og er friðað. Það er í slæmu ástandi og þarfnast uppgerðar. Við mat á tilboðum verði tekið tillit til áforma kaupanda um uppgerð hússins. Endanlegri afgreiðslu var frestað.

Deiliskipulag Norðurstígsreits endurskoðað

Umhverfis- og skipulagsráð borgarinnar tók nýlega til umræðu endurskoðun deiliskipulags Norðurstígsreits vegna lóðanna að Vesturgötu 24, Nýlendu-götu 5a, 7 og 9 (Hlíðarhús), Tryggvagötu 4-6 og Norðurstíg 5, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs. Tillagan var hagsmunaaðilakynnt, athugasemdir bárust. Samþykkt var að auglýsa tillöguna.

Umferð um Grjótaþorp til skoðunar

Lagt hefur verið fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs þar sem lagt er til að akstri um Bröttugötu og Mjóstræti í Grjótaþorpinu verði breytt samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs frá 4. júlí sl. Erindið var samþykkt með fyrirvara um samþykkt lögreglustjóra Höfuðborgarsvæðisins.

Breytingum að Framnesvegi 44 hafnað

Bjarni Geir Alfreðsson, Framnesvegi 44, hefur sótt um til byggingafráttu borgarinnar að endurnýja erindið sem var samþykkt 25. nóv. 2008, þar sem sótt var um að breyta verslun og vörugeymslum á 1. hæð og í kjallara í íbúð sbr. fyrirspurn dags. 4.4.2006 í húsi á lóð nr. 44 við Framnesveg. Samþykki með-eigenda ódags. fylgir. Útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa frá 05. júlí 2013 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags.28. júní sl. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa var erindinu synjað.

Sölustarfsemi á torgum

Á undanförunum árum hefur sölustarfsemi utanhúss á torgum aukist og til að mæta breyttum áherslum voru reglur um götu- og torgsölu í Reykjavík endurnýjaðar í lok síðasta árs. Þessum reglum er ætlað að hlúa að lífi í borginni og auka við fjölbreytni í starfsemi og þjónustu, en einnig eiga þær að tryggja að sölustarfsemi sé í sátt við nærumhverfi sitt og mikil áhersla er lögð á góða umgengni söluaðila. Reglurnar ná einnig til borgarhátíða svo sem Hinsegin daga og Menningarnætur, sem þýðir að þá er öll sölustarfsemi á götum úti eða annars staðar á borgarlandinu leyfissskyld. Matarvagnar verða að hafa starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur er umsýsnaraðili götu- og torgsölu og sér um leyfisveitingar, eftirlit og upplýsingagjöf.

Borgarkórinn styrktur

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti fyrir skömmu að styrkja Borgarkórinn, sem er kór borgarstarfsmanna, um 750 þúsund krónur. Ekki kemur fram rökstuðningur við styrknum en vonandi er Borgarkórinn að nýta þessa peninga til menningarlegrar starfsemi í þágu borgarbúa. Umsókn Frjálsípróttasambands Íslands var vísað til meðferðar ípróttu- og tólmstundaráðs og umsókn Brettafélags Reykjavíkur og Skógarræktarfélag Reykjavíkur var vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

Breytingar á deiliskipulagi samþykktar

Á fundi borgarráðs 11. júlí sl. var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 3. júlí sl. um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar vegna lóðanna nr. 11-13 og 47 við Fiskislóð, ásamt fylgigögnum. Borgarráð samþykkti erindið. Á sama fundi var samþykkt að falla frá stakkalaun á Mýrargötu í aðalskipulagi 2001-2024 samkvæmt samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs. Einnig var samþykkt að auglýsa deiliskipulag Vesturbugtar sem afmarkast af Ánanaustum í vestri og Slippnum í austri samkvæmt uppdráttum ALARK arkitekta ehf. Eins og kemur fram annars staðar í blaðinu var samþykkt breyting á deiliskipulagi Lýsisreits vegna lóðarinnar nr. 44 við Grandaveg.

Sameining safna til skoðunar

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs borgarinnar fyrir nokkru var lögð fram úttekt Centra um kosti og galla þess að sameina Minjasafn Reykjavíkur, Víkina-Sjóminjasafnið í Reykjavík,

Viðey og Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Bjarni Snæbjörn Jónsson kom á fundinn og kynnti skýrsluna. Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður og Sigríður Kristín Birnudóttir sérfræðingur á Ljósmyndasafni komu einnig á fundinn. Efni viðræðna var bókað sem trúnaðarmál. Á sama fundi var lagt fram minnisblað verkefnastjóra barnamenningar um „Den kulturelle skolesekken,“ eða Menningarbakpokann. Um efni minnisblaðsins var alls ekkert bókað og ekki kemur fram hver aðkoma Reykjavíkurborgar er að þessu verkefni, sem eflaust er þó gott menningarinnlegg.

Stígurinn milli Sólvallargötu og Ásvallargötu

Lögð var nýlega fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs efsta hugmynd maímánaðar 2013 frá samráðsvefnum Betri Reykjavík í flokknum „Skipulagsmál“ sem fjallar um að laga stíginn milli Sólvallargötu og Ásvallargötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa frá 2. júlí sl. en ekki getið um efni hennar í fundargerð.

Framhald af forsíðu

Nýtt aðalskipulag gerir ráð fyrir lágreiðri byggð og leggur áherslu á styttri ferðatíma en áður, betri nýtingu veitukerfa og lífligt mannlíf svo dæmi sé tekið. Hús verða t.a.m. ekki hærri en fimm hæðir innan Hringbrautar í Reykjavík enda mun svæðið njóta sérstakrar hverfisverndar. 26% svarenda eru hlyntir þéttingu í íbúðabyggð og 50% eru hlyntir íbúðabyggð á eldri atvinnusvæðum.

Verslun og þjónusta

Um 58% svarenda segist sækja meirihluta daglegrar verslunar innan hverfis en mikilvægasta þjónusta innan hverfis er lágvöruverðs matvöruverslun, þar af 70% svarenda í miðborg, Vesturbæ, Grafarvogi og Árbæ. Flestir vilja aukna verslun í hverfið sitt, löggæslu, betri strætó, og meira framboð af kaffi- og menningarstöðum, auk betri göngu- og hjóltreidastíga, svo dæmi sé tekið.

Vesturbæingar



Fær KR þá loksins knattspyrnuhúsið?

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is


Geir A. Guðsteinsson

KR og Búseti vilja sameinast um nýtingu „SÍF” reitsins

Fulltrúar Búseta hsf. og KR áttu fund með fulltrúum Reykjavíkurborgar þann 20. júní sl. Efni fundarins var möguleg uppbygging á svokölluðum „SÍF”-reit við Keilugranda.

Þörf Búseta fyrir húsnæði í vesturbæ Reykjavíkur er mikil en af 720 íbúðum á höfuðborgarsvæðinu er engin innan pósthúsnúmers 107. Tuttugu og tvær íbúðir eru staðsettar í jaðri vesturbæjarins við Eiðismýri 22-28 sem Búseti byggði 1992 og er gríðarleg eftispurn eftir íbúðum á svæðinu. KR hefur í hyggju að reisa fjölnota íbúðahús sem gæti nýst félaginu fyrir fjölbreytta íbúðaiðkun og myndi uppbyggingarreiturinn við Keilugranda henta einkar vel, bæði vegna staðsetningar og forms. Vegna lögunar fjölnotahúss hentar aðalsvæði KR illa til uppbyggingar nema gengið verði á opin boltasvæði félagsins sem telst ekki raunhæft með tilliti til fyrirséðs vaxtar félagsins. Í dag er þörf KR fyrir fleiri innanhústíma mjög mikil og núverandi inniðstaða dugi ekki til. Forsvarsmenn Búseta og KR telja að með sameiginlegri þróun megi slá margar flugur í einu höggi og skapa auknið virði fyrir Búseta, KR, íbúa hverfisins sem og Reykjavíkurborg.

Lagt er til að svæðinu verði skipt í tvo meginreiti; til norðurs er gert ráð fyrir íbúðabyggð á 4 til 5 hæðum, þar sem efsta hæð er inndregin. Íbúðir eru í „randbyggingu“ sem myndar „U”-form



Hugmyndirnar um nýtingu reitsins eru afar athyglisverðar.

til suðurs og afmarkar skjólgóðan garðreit íbúa. Undir sameiginlegum garði er að finna bílakjallara sem e.t.v. má samnýta að einhverju leyti með KR. Miðað við þau frumdrög sem lögð hafa verið mætir tillagan auðveldlega þeim fjölda íbúða sem aðalskipulag leggur upp með. Í tillögunni er miðað við um 75 íbúðir af fjölbreyttum stærðum, þ.e. 2-6 herb. íbúðir.

Á suðurhluta reits er gert ráð fyrir að risi fjölnotaíbúðahús sem verði að verulegum hluta niðurgrafið með það að markmiði að lágmarka sjónræn áhrif nýbyggingar að aðliggjandi byggð. Á þaki fjölnotahússins

verði almenningsgarður sem nýta má til fjölbreyttrar íþróttatengdar iðkunar s.s. minigolf, teygju- og upphitunar, brettavöll o.fl. Til vesturs að Keilugranda verði megináðkoma að íþróttahúsinu en til suðurs og austurs verði lóð stölluð frá þakgarði með setsvæðum, gróðurbeðum og tröppum og tengist þannig að íbúðasvæðum við Boðagranda og Fjörugranda. Til norðs tengist garðurinn sam eiginlegu útisvæði við íbúðabyggingar Búseta. Nýta má jaðra „þakgarðs” til útiveru og upphitunar um leið og grænt og stallað yfirbragð mildar ásýnd fjölnotahúss gagnvart aðliggjandi byggð.

B. Markan ehf. Pípulagnir
660 6690 • 544 8611



lagnir@bmarkan.is

Skólp og drenlagnir í yfir 20 ár
Meistaraábyrgð og 50 ára ending
www.bmarkan.is

Matur og vín:

Uppskrift mánaðarins

Sinneps- og villijurta-kryddað lambaprime

Aðalréttur fyrir fjóra.

- 1 kg lambaprime
- 1 krukka Kofoed's klassik sinnep
- 4 msk villijurtakrydd (þurrkað)
- 1 msk paprikuduft

Aðferð:
Blandið kryddjurtunum og paprikuduffinu saman og veltið kjötinu upp úr blöndunni. Penslið kjötið reglulega yfir grillímann með sinnepinu. Grillið kjötið við meðalhita í u.þ.b. 20 til 25 mínútur og snúið reglulega eða þangað til kjötmælir sýnir 54°C. Látið hvíla í 5 mínútur effir grillun.

Þessar tvær vintegundir henta einstaklega vel með þessum rétti.



Lindemans Cawarra Shiraz / Cabernet – Ástralía

1.980 kr.
Rúbinrautt. Létt meðalfylling, háltþurr, mild tannin. Rauð ber, krydd.

Piccini Memoro – Ítalía –

1.999 kr.
Dökkurúbinrautt. Þétt fylling, þurr, fersk sýra, þroskuð tannin. Sælgætiskennur berjablámi, vanilla, eik. Vín gert úr þrögum frá fjórum hornum Ítalíu.

Uppskrift mánaðarins

Höfundur uppskriftar mánaðarins er Daniel Pétur Baldursson matreiðslumaður og kjötmeistari Nóatúns. Daniel lærði til matreiðslumanns á Hilton Reykjavík Nordica og útskrifaðist þaðan árið 2009. Eftir útskrift próaði Daniel hæfileika sína á Vocal Restaurant og fleiri stöðum.

Þennan rétt völdum við sem uppskrift mánaðarins því hann er mjög gómsætur og einfaldur í eldamennsku og ekki skemmir að öll aðföng má fá á einum stað í næstu Nóatúnsverslun.

NÓATÚN

Það kórónar hverja máltíð að njóta þess að drekka gott vín með matnum. Við látum fylgja hér með tillögur að tveimur vintegundum sem hæfa þessum rétti alveg einstaklega vel.

Verði ykkur að góðu.

Borgarráð samþykkti deiliskipulag vegna Lýsislóðarinnar Grandavegi:

Ekki breyttur hæðafjöldi og skjól í norðanátt samkvæmt skýrslu skipulagsstjóra

Skipulagsstjórinn í Reykjavík, Ólöf Örvarsdóttir, hefur lagt fram tillögu í borgarráði á breyttu deiliskipulagi hvað varðar Grandaveg 44, Lýsireitinn. Í breytingunni felst niðurfelling á hjúkrunarheimili og fjölgun íbúða á svæðinu samkvæmt deiliskipulagsupprætti Gláma/Kím ehf. Einnig voru eru lagðir fram skýringarupprættir ásamt skuggavarp og skilmálum ásamt útlitsmyndum. Jafnframt var lagður fram samningur Reykjavíkurborgar við lóðarhafa sem samþykktur var í borgarráði í mars sl. Allmargar athugasemdir bárust við auglýsingu sem birt var í vor.

Ekki er um breyttan hæðafjölda að ræða á hæsta hluta fjölbýlishússins næst Eiðsgranda.

Samkvæmt deiliskipulagi frá 2007 mátti allt húsið fara upp í 9 hæðir (10 hæðir með kjallara), en í breytingartillögu má aðeins þriðjungur þess fara upp í 9 hæðir (10 hæðir með kjallara) en 2/3 hússins lækkar í 7 hæðir (8 hæðir með kjallara). Í ljósi athugasemda hefur húsið næst Eiðsgranda verið lækkað á þeim hluta sem er næstur JL húsinu. Þar lækkar húsið um eina hæð og verður 6 hæðir í stað 7 og útbýgging í norður lækkar samhliða úr 6 hæðum í 5 hæðir. Hjúkrunarheimilið sem fyrirhugað var næst byggðinni á Bráðræðisholtinu mátti fara upp í 4 hæðir en íbúðarhúsið það sem heimilt verður að byggja samkvæmt deiliskipulagstillögu skal vera 2-3 hæðir næst byggðinni, þar sem 3. hæð er inndregin, en hækka í 4 hæðir þegar fjær dregur. Vissulega er um háar byggingu að ræða næst Eiðsgranda og er það í samræmi við önnur hús sem standa við Eiðsgranda, s.s. við Grandaveg 47.

Í svari skipulagsstjóra hvað varðar hæðir húsa, byggingarmagn og fjöldi íbúða pr. ha. sé of mikill og í ósamræmi við stefnumörkun aðalskipulags segir m.a. að í gildandi aðalskipulagi 2001 - 2024 er ekkert ákvæði um um hæðir húsa né hámarksfjölda íbúða á hektara á þessu svæði en í yfirstandandi drögum að endurskoðun þess eru ákvæði um takmarkanir á hæðum húsa á þegar byggðum svæðum og viðmiðun



Umrædd byggingalóð, Grandavegur 44, betur þekkt sem Lýsireiturinn.

um. Breyting á stefnumörkun í aðalskipulagi getur ekki haft afturvirk áhrif á deiliskipulag sem hefur öðlast gildi fyrir gildistöku hins nýja aðalskipulags. Varðandi þéttleika byggðar - fjöldi íbúða/ha, er slíkt aldrei reiknað fyrir einstakar lóðir heldur eru stærri svæði reiknuð þar sem allt er talið með s.s. götur, atvinnuhúsnæði, græn svæði o.fl. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er heimilt að byggja 120 íbúðir og má fjöldi þeirra fara 20% umfram uppgæfna tölu eða í 144 íbúðir án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Skjól í norðanátt

Hvað varðar fullyrðingar um að miklir vindstrengir/sviftivindar verði kringum háhýsið og versnandi veðurfar á svæðinu almennt vegna sérstakra aðstæðna, var óskað eftir eftir úttekt á vindstrengjum og skuggavarp. Í svari Haraldar Ólafssonar prófessors í veðurfræði við Háskóla Íslands segir að líklegt sé að fyrirhugaðar háreistar byggingar meðfram ströndinni í framhaldi af JL húsinu muni að jafnaði veita byggð-

inni í holtinu þar fyrir sunnan töluvert skjól í norðanátt. Það verður líklega nokkuð merkjanlegt því norðanátt er nokkuð algengt og þá er oftast þurrviðri og gjarnan sólríkt. Á þetta líka við um hafgölu sem kemur úr norðvestri og er algengt á góðviðrisdögum á sumrin. Þó svo nokkuð víst sé að skjól verði meira að jafnaði, verður ekki með vissu fullrytt að einstaka vindkviður í grennd við húsin geti ekki orðið jafn hvassar og fyrr og hugsanlega stundum hvassari. Mjög líklegt verður að telja að vindur muni að einhverju leiti magn-

ast upp nyrst á Grandavegi þegar vindátt er nálægt því að vera samsíða veginum, en það er frekar algengt. Ekki verður um auk-ið skuggavarp að ræða að íbúða-byggðinni í kring frá því sem vænta má í gildandi deiliskipulagi. Skuggar falla að mestu að Eiðsgranda, á aðliggjandi götur og bílastæði og innan sjálfrar lóðarinnar, Grandavegur 42-44.

Aðkoman frá Eiðsgranda beggja vegna

Að mikið sé um gegnumakstur og hraðakstur, að ónæði sé af

umferð auk slyshættu og slæmu aðgengi slökkviliðs og sjúkrabíla víða á svæðinu, segir að lögð hefur verið áhersla á að aðkoma akandi að Grandavegi 44 verði frá Eiðsgranda beggja vegna. Ekki eru neinar fyrirætlanir um að breyta núverandi fyrirkomulagi við Grandaveg þar sem tvístefna er að innkeyrslu inn í bílageymslu Grandavegar 44 og á bílastæði Grandavegar 45 en einstefna þar fyrir ofan, auk þess sem gatan verður áfram 30 km gata. Til að draga úr umferðarmagni, gegnumakstri og hraða verður vinstri beygja úr bílakjallara upp Grandaveg ekki heimil og eingöngu heimilt að beygja í áttina að Eiðsgranda, að undanskildum neyðarakstri. Tillagan miðar við að hægt verði að þrengja Grandaveg t.d. með því að vera með gangstétt öðru megin og er kvöð um trjágróður meðfram henni, auk þess að hægt verður að leggja bílastæðum samsíða í götunni.

Hvað varðar athugasemdir vegna verðlækkunar verði á eignum í nágrenninu vegna ásynðar, útsýnisskerðingar, aukins vindálags, mikillar umferðar og skorts á bílastæðum segir í skýrslu skipulagsstjóra að samkvæmt gildandi deiliskipulagi frá 2007 væri heimilt að byggja hátt næst Eiðsgranda og 4 hæða hjúkrunarheimili sunnar á reitnum. Það ætti því ekki að koma á óvart að fyrirhugað sé að byggja á reitnum. Það er mat skipulagsyfirlvalda að breytingar þær sem gerðar eru í tillögunni séu svæðinu til töluverðra bóta. Lóðarhafi gat með réttu byggt samkvæmt gildandi deiliskipulagi frá árinu 2007.

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur:

„Okkar ábendingar um Lýsireitinn voru byggðar á skynsömum og réttlátum rökum“

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur býr á Lágholtsvegi, í næsta nágrenni við Lýsireitinn, þar sem nú hefur verið samþykkt breytt deiliskipulag í borgarráði samkvæmt tillögu Ólafar Örvarsdóttur, skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar.

„Við höldum góðan íbúafund í vor og gerðum okkur vonir um að á okkar óskir og ábendingar yrði hlustað, en svo virðist ekki vera, því miður. Við teljum umfang og byggingarmagn á svæðinu vera allt of mikið, það verða þarna fá bílastæði sem þýðir að bílaumferð um nálægar götur, m.a. um Lágholtsveg mun aukast til muna. Þetta eru viss vonbrigði, því okkar ábendingar um Lýsireitinn voru byggðar á skynsömum og réttlátum rökum.“



Guðni Th. Jóhannesson.

Við höfum líka bent á að þetta er í ósamræmi við aðalskipulag borgarinnar þar sem leggja

á áherslu á lágreista byggð í takt við umhverfið,” segir Guðni Th. Jóhannesson.

HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

Vesturbæingar vilja fullgildan sparkvöll við Melaskóla

Gagnrýni kom fram á tillögu Reykjavíkurborgar um stærð og staðsetningu fyrirhugaðs battavallar við Melaskóla á opnum íbúafundi, sem haldinn var í skólanum 20. júní sl. Fundurinn óskaði eftir nýrri tillögu frá Reykjavíkurborg um völl í fullri stærð á lóðinni.

Fundurinn var haldinn í tilefni af því að fyrir liggur tillaga um staðsetningu umrædds sparkvallar á lóð Melaskóla. Á fundi borgarráðs 2. maí sl. lýsti Kjartan Magnússon borgarfulltrúi yfir furðu sinni á því að í tillögunni skuli einungis gert ráð fyrir litlum battavelli (13x23 metrar) en ekki samkvæmt sparkvallastaðli KSÍ (18x33 m.) eins og er við flesta skóla.

Um 25 manns sóttu fundinn og þótti það gott miðað við að um var að ræða fyrsta góðviðrisdaginn í langan tíma. Gísli Marteinn Baldursson, formaður Hverfisráðs Vesturbæjar, stýrði fundinum en þar voru einnig mættir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi, Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi og Sverrir Bollason fulltrúi í skipulagsráði.

Rúnar Gunnarsson, fulltrúi framkvæmdadeildar borgarinnar, kynnti tillöguna og í kjölfar þess spunnust miklar umræður um hana. Flestir, sem til máls tóku, voru hlynntir battavelli á lóð Melaskóla og óskuðu eftir því að þar kæmi fullgildur KSÍ-sparkvöllur en ekki smækkuð útgáfa. Á fundinum mættu einnig nokkrir nágrennar skólans sem vilja ekki fá slíkan völl nálægt sér. Upplýst var á fundinum að nú hafa verið lagðir um þrjátíu battavellir við grunnskóla borgarinnar og farið hefur verið eftir sparkvallastaðli KSÍ í öllum tilvikum nema einu þar sem aðstæður voru sérstaklega erfiðar. Ekki eru slík vandræði á lóð Melaskóla enda rúmar hún með sóma battavöll samkvæmt KSÍ-staðlinum. Kom fram í máli fundarmanna að Melaskóli er einn fjölmennasti grunnskóli borgarinnar og því ljóst að mikil þörf er þar fyrir völl í fullri stærð. Þá komu fram athugasemdir við fyrirhugaða legu vallarins. Bent var á að hún væri í ósamræmi við aðra velli á lóðinni og væri ekki betur séð en færanlegar kennslustofur réðu legunni.

Íbúar óska eftir nýrri tillögu

Eftir umræður samþykktu fundarmenn þá tillögu fundarstjóra að fulltrúa framkvæmdadeildar yrði falið að endurskoða málið og koma fram með nýja tillögu þar sem gert væri ráð fyrir battavelli í fullri stærð eins og mikill meirihluti fundarmanna hafði óskað eftir. Jafnshjött og sú tillaga verður tilbúin, mun Hverfisráð Vesturbæjar boða til annars fundar um málið. Er vonast eftir því að sá fundur geti orðið í lok ágúst-mánaðar.

Eins og Vesturbæjarblaðið hefur áður fjallað um er Vesturbærinn eina hverfi borgarinnar þar sem enginn battavöllur, þ.e. upphitaður sparkvöllur með gervi-grasi, er á skólalóð. Kjartan Magnússon borgarfulltrúi hefur ítrekað flutt tillögur um að úr þessu verði bætt. Á fundi borgarráðs 2. maí sl.

lét hann bóka furðu og vonbrigði með að ekki væri fyrirhugað að leggja battavöll í Vesturbænum árið 2013. „Enn einu sinni skal minnt á að Vesturbærinn er nú eina hverfi borgarinnar þar sem enginn battavöllur er á skólalóð og því er löngu orðið tímabært að bætt sé úr því. Í nokkrum hverf-



Svæðið við Melaskóla sem líklega verður tekið undir sparkvöll.

um eru nú komnir battavellir á allar skólalóðir og önnur hverfi eru langt komin,” segir í bókun Kjartans Magnússonar.

FJALLAHJÓL - DÖMUHJÓL - GÖTUHJÓL - BARNAHJÓL - FATNAÐUR - HJÁLMAR O.FL.

ÚTSALAN ER HAFIN

Ekki gleyma að leika þér



SCOTT

NORCO BICYCLES

ibis

60%

ALLT AÐ

AFSLÁTTUR

KOMDU VIÐ OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!



Mikið úrval

Allir sem kaupa hjól í Markinu fá aðild að þjónustusamningi í 6-12 mán.



Innifalið í þjónustusamningi:

- Almenn yfirferð á hjólinu, stilling á girum og bremsum í 6-12 mánuði
- 10% afsláttur af vinnu á verkstæði og hjólavörum
- Hámark 2 virkir dagar biðtími á verkstæði
- 20% afsláttur af hjálmi



Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar www.help.is

Hverfisráð Vesturbæjar:



Umrætt svæði sem hundaeigendur og Lýðheilsufélagið gírnast.

Hundaeigendur og Lýðheilsufélagið vilja aðstoðu á sundlaugartúninu

Hundagerði var eitt af þeim málum sem voru til umræði á nýlegum fundi Hverfisráðs Vesturbæjar. Íbúar í Vesturbæ höfðu óskað óformlega eftir því að fá að koma á fund þar sem þetta mál yrði tekið fyrir.

Þeir sem mættu voru: Stefán Karl Kristjánsson, Gestur Rúnarsson, Ívar Kristjánsson, Bryndís Guðmundsdóttir, Guðrún H.

Hilmarsdóttir, Júlíana Björnsdóttir, Arna María Kristjánsdóttir, Þorsteinn Torfason og Margrét Pétursdóttir. Óskir fundar-gesta voru að setja upp aðstöðu á sundlaugartúni við Sundlaug Vesturbæjar og hvatti Hverfisráðið ofangreinda gesti til að senda inn erindi til Umhverfis- og Skipulagsráðs. Kynnt var verkefni sem snýr að 16 - 18 ára ungmennum sem unnið er af Þjónustumiðstöð Vesturbæjar.

Kynnt var nýstofnað félagið sem heitir „Lýðheilsufélag Vesturbæjar.“ Félag þetta óskar eftir því að sundlaugartúnið við Vesturbæjarlaug verði gert að lýðheilsugarði. Hverfisráðið fór yfir möguleika á boltagerði, þ.e. sparkvelli, sem fyrirhugað er við Melaskóla, þ.e. stærð þess og staðsetningu. Íbúafundur hefur verið haldinn um sparkvöllinn, en annar er fyrirhugaður seinni hluta ágústmánaðar, en á þeim fundi eiga að liggja fyrir teikningar af stærri gerð af sparkvelli við Melaskóla.

Dagný Annasdóttir ráðinn skólastjóri Melaskóla:

Starfsmenn þurfa og eiga að stuðla að umburðarlyndi og félagslegri samkennd

Dagný Annasdóttir, tekur á næstunni við starfi skólastjóra Melaskóla af Birni Péturssyni. Björn hverfur þó ekki frá Melaskóla, því næsta vetur mun hann sinna starfi skólaliða við skólann. Það kann eflaust einhverjum það þyki sérkennilegt að sjá gamla skólastjórann í þessu nýja starfi.

Í grein sem Dagný reit fyrir nokkru segir m.a. að í öllum skólasamfélögum þarf að leggja sérstaka áherslu á og standa vörð um góða líðan nemenda. Mikilvægt sé að skólastjórinn og skólasamfélagið taki af festu á forvörnum til að koma í veg fyrir einelti og á einelti þegar það kemur upp eða ef grunur vaknar um það. Til að það takist verði allir þeir aðilar sem koma að skólastarfinu að standa saman til að móta sem jákvæðastan skólabrag, starfsanda og vinnugleði þannig að nemendum finnist þeir velkomnir í skólann og finni fyrir öryggi.

„Starfsmenn skólans þurfa og eiga að stuðla að umburðarlyndi og félagslegri samkennd og bregðast á viðeigandi hátt við öllum nemendum, hvort sem þeir eiga í félags-, náms- eða hegðunarerfiðleikum. Ég tel það meðal mikilvægustu hlutverka skólastjóra að stuðla að þessu og beita sér fyrir skólamenningu sem hef-



Dagný Annasdóttir, tekur á næstunni við starfi skólastjóra Melaskóla.

ur þessi einkenni. Skóli fyrir alla er afar mikilvæg undirstaða þess að tryggja öllum nemendum jöfn tækifæri á öllum sviðum í námi og félagslífi. Mikilvægt er að allir fái kennslu við hæfi og áhuga og nemandi sé alltaf í brennidæpli. Við þurfum að kveikja neista og áhuga nemenda fyrir námi og það gerist ef nemandi finnur fyrir vellíðan og öryggi.”

Fjölbreyttir kennsluhættir

„Mikilvægt er að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti sem höfða bæði til getu og áhuga nemandans með sérstaka áherslu á líðan hans. Rannsóknir sýna að fjölbreyttir kennsluhættir styrkja skólastarfið og draga úr erfiðleikum tengdum námi. En auðvitað verður að bregðast við erfiðleikum sem upp koma hverju sinni. Til að þróa fjölbreytta kennslu er mikilvægt að vinna að jákvæðri hegðun, þar sem ein af grundvallarréttindum nemenda eru að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best í framtíðinni.

Skapa þarf svigrúm og tækifæri til að auka teymisvinnu og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu. Skólinn er fyrir alla og allir eiga þar að fá námstækifæri og námsaðstæður sem hæfa þroska, forþekkingu og áhugasviðum og skólastjóri þarf hafa forystu um að móta starfið í þessum anda.

Grunnskólar landsins þurfa á þessum umrótatímum að stíga markvisst skref í stefnumótun og fræðslustarfi til að ná vel til foreldra, standa fyrir jákvæðri rökraðu um foreldraþátttöku og til að hafa bein áhrif á viðhorf foreldra til menntunar og árangurs í skóla. Þannig mun skólinn geta skapað farveg til að nálgast samstöðu um námskröfur, aga og þann ramma sem skólinn og foreldrar geta borið sameiginlega ábyrgð á gagnvart námi og félagslegri umgjörð nemenda. Það er sameiginlegt verkefni heimila og skóla að byggja upp heilsteypa einstaklinga sem geta tekist á við lífið og framtíðina,” segir Dagný Annasdóttir.



HÖFUM OPNAÐ HEILSUHÖF
V/ SUDURSTRÖND 10 (GAMLI SKARI)

Systrasamlagið

Virka daga: 8 - 18
Laugardagar: 10 - 16
sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid

SUMARHÚS OG FERÐALÖG



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 • 110 Reykjavík • 577 1515 • skorri.is • Opíð virka daga frá kl. 8.15 til 17.30

Íbúasamtök gamla Vesturbæjarins:

Eflast sem málsvari íbúa gagnvart borgaryfirvöldum



Íbúar hafa m.a. komið saman á róluvellinum milli Vesturgötu og Nýlendugötu, grillað og átt saman góða stund. Slíkt væri auðvitað sem best hægt að endurtaka en þessi hópur kom saman í fyrra til skrafs og ráðagerða.

Íbúasamtök gamla Vesturbæjarins boða til aðalfundar þann 14. ágúst nk. og þar fara m.a. fram formleg stjórnarskipti.


Mikill áhugi er á skipulagsmálum á þessu svæði og í síðasta tölublaði VESTURBÆJARBLAÐSINS var m.a. fjallað um

skoðanir íbúanna á deiliskipulagi svæðisins og fleira. Á svæðinu milli Mýrargötu og Nýlendugötu á að rísa kirkja rússneska Rétttrúnaðarsafnaðarins og það er m.a. það sem ekki eru allir sáttir við. Það mál verður eflaust rætt á aðalfundinum. Rétt er að

benda á að því fleiri sem ganga í samtökin, og jafnvel gefa kost á sér í stjórn, því öflugri málsvari verða þau fyrir Vestbæinga um hvaðeins sem þeim liggur á hjarta. Þar er ekki aðeins rætt um skipulagsmál.

Vesturbæjarblaðið

Sími: 511 11 88



Ný gleraugu

Einstök hönnun og fallegir litir
Veldu gæði og gott verð

facebook.com/linsan.is

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is



HÖFUM OPNAÐ HEILSUHOF Á SELTJARNARNESI

Suðurströnd 10 (fyrir neðan sundlaugina)



Systrasamlagið er kaffihús og verslun sem nærir líkama og sál.

Opið

Virka daga
Laugardaga

8 - 18
10 - 16

www.facebook.com/Systrasamlagid



Arnór L. Pálsson
frankvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfarastjóri



Frímann Andrésson
útfararþjónusta



Jón Bjarnason
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elíasson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM



Önnumst alla þætti útfararinnar

**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Matarmarkaður á Lækjartorgi í júlí



Matarmarkaðurinn nýtur strax töluverðra vinsælda.

Sæluostar úr sveitinni, Svandís Kandís, Saltverk, Sandholt, Bergsson mathús og Búrið eru meðal ótal rekstraraðila sem taka þátt í matarmarkaði á vegum umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar. Markaðstorgið verður á Lækjartorgi alla laugar- daga í júlí frá 11.00 til 16.00.

Torgið mun ilma af ýmsu góðgæti frá ólíkum aðilum en má þar nefna brauð, sætabrauð, ávexti, grænmeti, osta, ólífur, þurrkað kjöt og tilbúinn mat sem hægt er njóta á torginu eða taka með

heim. Eirný hjá ostaversluninni Búrinu mun sjá um markaðs- stjórn en hún hefur mikla reynslu af markaðshaldi bæði hérlendis og erlendis. Vonast er til þess að um 12 söluaðilar verði á staðnum á hverjum laugardegi en hver markaðsdagur verður með mismunandi söluaðilum.

Umgjörð markaðsins verður litrík og skemmtileg og mun setja svip sinn á miðbæinn. Hugmyndin er að flutt verði lifandi tónlist alla markaðsdagana.



Vesturbæjarblaðið www.borgarblod.is



Framkvæmdirnar eru ákaflega skrautlegar eins og glögg má sjá.

Hofsvallagatan að þrengjast

Framkvæmdir eru loks hafnar við að þrengja Hofsvallagötu og gera við götuna neðan Hringbrautar hjólastíga. Því hljóta Vesturbæingar að fagna.

Alllangt er síðan fyrst var rætt um aðgerðir að þessu tagi en ekki hefur orðið að samþykkt þar að lútandi, hvað þá framkvæmdum fyrir en nú. Vonandi lýkur þessum

framkvæmdum sem allra fyrst, og helst áður en skólar hefja starfsemi að nýju upp úr miðjum ágústmánuði. En hálfnað verk þá hafið er!

Grænn og öruggur Haðarstígur hlaut styrk úr Hverfasjóði

Þrettán verkefni hlutu styrk úr Hverfissjóði Reykjavíkur en tilgangur sjóðsins er að styðja við verkefni sem stuðla að bættu mannlífi, eflingu félagsauðs, fegurri ásýnd borgarhverfa, auknu öryggi í hverfum borgarinnar og samstarfi íbúa, félagasamtaka eða fyrirtækja við borgarstofnanir.

Fimm milljónir króna voru veittar að þessu sinni. „Við viljum efla frumkvæði íbúa í hverfum borgarinnar,“ segir Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Fjórar umsóknir fengu 600 þúsund króna styrk, m.a. Myndlistarskóli Reykjavíkur og samstarfshópur í Norðurmýrinni. Myndlistaskólinn fékk styrk til að halda Norðurmýraráttíð 2013 og til að halda myndlistarnám-



Haðarstígur.

skeið fyrir unglunga í Breiðholti. Grænn og öruggur Haðarstígur

fékk 310 þúsund króna styrk fyrir verkefnið.

 Landsvirkjun

Bíltúr á Búrfell

Gagnvirka orkusýningin í Búrfellsstöð við Þjórsá er skemmtileg og lærdómsrík fyrir fólk á öllum aldri. Akstur frá Reykjavík tekur aðeins um eina og hálf klukkustund og við erum alltaf með heitt á könnunni. Skammt fyrir norðan stöðina standa vindmyllur Landsvirkjunar, þær fyrstu sinnar gerðar á Íslandi. Alla laugar- daga í júlí tekur starfsfólk á mót gestum við vindmyllurnar kl. 13-17.

Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar frá kl. 10-17 alla daga í allt sumar:

Búrfellsstöð

Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafinu
Kröflustöð
Jarðvarmasýning í gestastofu

Fljótsdalsstöð

Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúka mið. og lau. frá kl. 14-17. Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is/heimsoknir

Vesturbæjarlaug:

Gegnsætt grindverk í stað tréverks og nýr pottur

Fyrir nokkru urðu fastagestir í morgsund í Vesturlaug var- ið við að gamla trégrindverkið sunnan við laugina hafði verið fjarlægð vegna framkvæmda og við blasti þetta yndislega útsýni á trjágróður handan laugarinn- ar og víðáttu.

Einn sundgestanna segir það þeirra tillögu að ekki verði sett upp trégrindverk aftur eins og verið hefur, heldur gegnsætt grindverk, eins og nú er sett víða við sundlaugar, bæði í Reykjavík og úti á landi. Þau eru ýmist úr neti, plexigleri eða hertu gleri. Margir höfðu að orði við þess- ar breytingar að það hefði and- að léttar við útsýnið, en það er einmitt einn tilgangur sundlaug- anna að slaka á, þjálfu og anda léttar. Gegnsætt gætti ekki að trufla nærliggjandi byggð þar sem trjágróður hylur nærliggj- andi hús algjörlega og töluverð fjarlægð er að baklóðum húsa við Einimel. Sundlaugagestirn- ir telja að þetta myndi breyta ímynd Vesturbæjarlaugar veru- lega sem væri til mikilla bóta, en talar margt yngra fólk um að laugin sé meira lokuð og óaðl- aðandi en margar aðrar laugar í bænum. Breytingar fela m.a. það í sér að nýi potturinn verður færður svo hann snúi betur að sól, gömlu pottarnir verða áfram, lóðin stækkuð og gler að hluta í nýrri girðingu.

Eva Einarsdóttir, formaður Íþrótt- og tómsundaráðs Reykjavíkur, segir að áætlað sé að hluti grindverksins verði ein- mitt gegnsætt svo gróður blasi við. „Það var einmitt mín hug- mynd þegar ferlið fór af stað svo það gleður mig að ykkur hugnist slíkt vel. En með íbúabyggð svo nærri var ekki talið heppilegt að hafa allt grindverkið þannig,” segir Eva Einarsdóttir.



Framkvæmdir í Vesturbæjarlaug

Breytingar eftir ábendingar laugargesta

- Nýji potturinn færður – snýr betur að sól
- Gömlu pottarnir verða ekki fjarlægðir
- Lóðin stækkuð
- Gler að hluta í nýrri girðingu

FJÖLSKYLDUPOTTAR

Nú standa yfir framkvæmdir við að koma fyrir fjölskyldu- vænni samstæðu heitra potta við Vesturbæjarlaug.



Fyrirhugaðir pottar samanstanda af vaðpotti (barnapotti) með leik- tækjum, nuddpotti og hvíldarpotti. Á milli nudd og hvíldarpottanna verður komið fyrir herðanuddi. Íllanudd er einnig fyrirhugað í nudd- pottinum.

Núverandi sundlaugasvæði er rýmkað og girt til að sólar njóti sem best við pottana. Núverandi plastpottur og barnapottur verða fjar- lægðir. Jarðhýsi er komið fyrir við pottana sem hýsir hreinstæki o.fl.

Vatnsyfirborði pottanna er lyft um 45 sm. frá laugabakka til að auðvelda aðgengi fatlaðra.

Fyrirhugaðar framkvæmdir í Vesturbæjarlaug.



Framkvæmdir eru hafnar.

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar
Bíla- og bátarafmagn
Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

MIKLABORG

Vantar rúmgott einbýlishús í Vestubænum

Fasteignasölnunni Miklaborg hefur verið falið að leita að einbýli- húsi í vestubænum eða Skerjafirði fyrir ákveðinn kaupanda Verðhug- myndir 90-120 millj. Um er að ræða sterkar greiðslur og rúman afhend- ingartíma fyrir réttu eignina.




Nánari upplýsingar veitir
Olafur Finnbogason, Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is sími: 822 2307



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
MIKLABORG Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



Kjöraðstæður til raforkuvinnslu

28 m/s

34 m/s - raforkuframleiðsla stöðvast

Allt meðlæti á Café Retro er heimabakað



Sandra Guðmundsdóttir og Magnús Magnússon á pallinum utan við Café Retro þar sem hægt er að setjast niður með veitingar þegar til þess viðrar.

Café Retro á Grandagarði opnaði fyrir skemmstu, en þessi veitingastaður er til húsa í gamla Slysavarnarfélagshúsinu. Veitingastaðinn eiga og reka Sandra Guðmundsdóttir og Magnús Magnússon. Í dag eru þarna sæti fyrir 25 manns en Magnús segir að til standa að stækka. Frábært útsýni er fyrir gesti staðarins yfir hafnarvæðið.

„Við erum með súpu og brauð í hádeginu, alltaf með sjávarréttarsúpu en súpa dagsins er af ýmsum tegundum,“ segir Sandra.

Allt okkar brauð, kökur og annað meðlæti er heimabakað, við bjóðum m.a. upp á hjónabandsælu, alls konar muffins, belgískar vöflur sem eru mjög matarmiklar og með þeim er borið fram súkulaði og rjómi. Á okkar matsæli ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi, allt frá börnum til eldri borgara. Við bjóðum einnig upp á hágæða ítalsk kaffi, Bononi, og seljum einnig kaffibaunir af þessari gerð sem og malað kaffi. Þau Sandra og Magnús segja að það verði enginn svikinn af þessu ítalska kaffi.

Hvítir múrar borgarinnar

- vísindaskáldsaga eftir Vesturbæinginn Einar Leif Nielsen

Einar Leif Nielsen er uppallinn Vesturbæingur, stúdent frá stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík og með B.Sc. í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Að prófi loknu lá leiðin til Danmerkur í framhaldsnám þar sem Einar lauk M.Sc. prófi í hagnýtri stærðfræði árið 2006. Síðan þá hefur Einar starfað á Íslandi og lengst í fjármálatengdum störfum, nú í Íslandsbanka.

Hann gaf nýlega út vísindaskáldsögu, Hvítir múrar borgarinnar sem er fyrsta skáldsaga Einars en hann hefur ávallt skrifað mikið þó það hafi ekki ratað á opinberan vettvang fyrir. Bókin hefur fengið nokkuð góðar viðtökur og var í 6. sæti metsölu-lista Eymundsson yfir kiljur og í 9. sæti á aðallista íslenskra bóka vikuna 12/06-19/06/13. Hún kom fyrst út sem raðbók og gekk alveg ljómandi vel. Sat til að mynda í 1. sæti metsölu-lista Skinnu í 9 vikur.

Allt falt fyrir rétt verð

Í Hvítum múrum borgarinnar lýsir Einar Leif Nielsen framtíðarsýn þar sem allt er falt fyrir rétt verð, hverfi eru afgirt og ólíkar stéttar aðskildar. Þetta er áhuga-verð vísindaskáldsaga sem sækir í sama brunn og Cyberpunk og



Einar Leif Nielsen.

Blade Runner. Þeim sem standa ekki við skuldbindingar sínar er vísað úr borginni eða jafnvel teknir af lífi. Lex Absque er starfsmaður Vegarins sem innheimtir skuldir fyrir stórfyrirtækið Mammon. Þegar fjármálastjóri fyrirtækisins er myrtur kemur það í hlut Lex að leysa málið. Morðinginn er auðfundinn en Lex er ósáttur við lyktir málsins og ákveður að leita sannleikans upp á eigin

spýtur. Þar með setur hann af stað atburðarás sem mun hafa áhrif á alla borgarbúa. Bókin er gefin út af bókaútgáfunni Rúnatý sem leggur áherslu á útgáfu bókmennta sem alla jafna hafa lítið sést hérlandis, s. s. hrollvekjur, fantasíur og vísindaskáldsögur. Rúnatýr merkir guð rúnanna, eða sá sem valdið hefur yfir rúnum, sem verður að teljast skemmtilegt nafn á bókaútgáfu.

Víðimelur 62 tekur væntanlega breytingum

Á afgreiðslufundi bygginga-fulltrúa Reykjavíkurborgar fyrir skömmu var tekið fyrir erindi Ara Ingimundarsonar að Víðimel 62, en hann sótti um leyfi til að hækka ris, byggja tvo kvisti og svalir á fjölbýlishúsið að Víðimel 62.

Með umsókninni fylgdi samþykki meðeigenda á lóð, og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. júní sl. ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júní sl. Afgreiðslu var frestað með tilvísan til umsagnar skipulagsfulltrúa frá 17. júlí sl.

Fyrirspurn barst til bygginga-fulltrúa frá Plúsarkitektum og Haraldi Ingvarssyni þar sem spurt er hvort hvort leyft yrði að lyfta þaki yfir suðausturhluta hússins á lóðinni nr. 12 við Bankastræti. Útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa frá 19. júlí sl. ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. júlí sl. fylgdi með



Víðimelur 62 er myndarleg bygging frá fyrri hluta síðustu aldar, en þolir vel að byggt sé við hana kvistir og svalir. Væntanlega gerist það þegar ákveðin skilyrði bygginga-fulltrúa hafa verið uppfyllt.

fyrirspurninni. Tekið var jákvætt í umsóknina að uppfylltum uppfylltum skilyrðum sbr. umsögn skipulagsfulltrúa frá 22. júlí sl.



ÚTFARARÞJÓNUSTA

Vönduð og persónuleg
þjónusta

Sími: 551 7080 - 691 0919
athofn@athofn.is - Akralandi 1 - 108 Reykjavík



Inger Steinsson



Inger Rós Ólafsdóttir

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?



Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu og þakmálun.

Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur

Stefnumót við Menningarnótt 2013

- kastljósinu beint að gömlu höfninni

Í byrjun sumars undirrituðu fulltrúar frá Höfuðborgarstofu og Landsbankans samstarfssamning til tveggja ára en með honum er staðfest að bankinn muni áfram vera helsti bakhjarl Menningarnætur eins og hann hefur verið frá upphafi, eða í 17 ár.

Landsbankinn hefur auk þess að vera máttarstólpi Menningarnætur, einnig verði virkur þátttakandi og jafnan haldið úti metnaðarfullri dagskrá í útibúi bankans við Austurstræti. Sl. þrjú ár hefur

fjárstuðningur bankans verið nýttur til að veita styrki úr Menningarnæturpotti sem renna beint til listamanna sem koma fram á Menningarnótt. Í ár verður kastljósinu beint að gömlu höfninni og verkefnum sem tengjast henni en sú tenging er þó ekki skilyrði fyrir styrkveitingu. Indverskra áhrifa mun einning gæta á menningarnótt, sem er 24. ágúst nk. Styrkir úr Menningarnæturpotti eru á bilinu 50.000 – 200.000 krónur og eru veittir jafnt einstaklingum og hópum.



Samstarfssamningurinn undirritaður í Hörpu en það gerðu Einar Bárðarson forstöðumaður Höfuðborgarstofu og Jensína Kristín Böðvardsdóttir framkvæmdastjóri Þróunar og mannaúðs hjá Landsbankanum.

Nettó opnar í Örfirisey á föstudaginn

„Ég hef verið viðloðandi verslun og verslunarstjórn frá 1996,“ segir Geir Magnússon nýráðinn verslunarstjóri Nettó í Örfirisey en verslunin verður opnuð föstudaginn 2. ágúst næst komandi. Verslunin er til húsa við Fiskislóð þar sem verslun Iceland var til húsa og þar áður Europris um nokkurra ára skeið. Geir starfaði um tíma hjá Bónus og einnig hjá Magasin du Nord í Kaupmannahöfn.

„Ég fór til náms til Danmerkur og fékk vinnu í Magasin du Nord á sumrin. Það var nokkuð sérstakt fyrir mig Íslendinginn að fara að vinna á kassa í danskri verslun. Maður þurfti að hafa dönsku tölurnar á hreinu sem eru nokkuð óðrúvísi en okkar og einnig skandinávískar tölur. Danir eru líka með aura sem var nýtt fyrir mér en þeir hættu með 25 eyringinn á meðan ég starfaði þarna og þá voru bara fimmtíu aurarnir eftir.“ Geir segir að þótt gott hafi verið að búa og starfa í Danmörku hafi hann verið farin að sakna heimahaganna. „Í fyrstu var ég ekki með neinar ákvarðanir um að flytja heim aftur þótt fyrirætlanir um að setjast að í Danmörku breyttust síðar. Ég flutti heim árið 2010 beint í kreppuna en það breytti litlu fyrir mig. Fjölskyldan og ýmis tengsl hér heima toguðu í mig. Engu að síður þá bý ég að þeirri reynslu sem ég hlaut bæði í námi og starfi ytra og vona að hún komi mér til góða á nýjum starfsvettvangi hér heima.“

Ger segir að áhersla verði lögð á fjölbreytt og skemmtilegt vöruúrval í hinni nýju verslun Nettó í Örfirisey. Garnið verði til sölu frá fyrsta degi en margar konur sækist eftir að geta keypt efni í þrjónaskapinn sem virðist fara vaxandi ef miðað er við áhuga á garninu. Þá verður lögð mikil áhersla á orkusparnað og í því sambandi verða allir frystar í versluninni með glerlokum en með því getum við sparað allt að 13 milljónir króna á ári með minni raforkuþörf.

Spara sem svarar orkunotkun níu heimila

Í fréttatilkynningu frá Samkaupum, sem reka Nettó-verslanirnar segir að um tíma hefur verið unnið markvisst að því að spara raforku og bæta meðhöndlun og gæði frystivara í lágvöruverslunum Nettó. Þetta er m.a. gert með því að setja glerlok á 28 frysta í Nettó verslunum landsins að erlendri fyrirmynd. Með þessum breytingum sparar hver frystir fyrir sig um 35.000 kílóvattstundir á ári, eða sem nemur orkunotkun níu meðalstórra heimila. Í krónum talið nemur árlegur sparnaður hvers frystis um 470 þús. kr. miðað við raforkuverð til heimila. Nettó mun með þessum hætti spara árlega tæplega milljón kílóvattstundir rafmagns eða álíka orku og ársnotkun 250 meðalstórra heimila. Heildarsparnaður vegna þessara breytinga á frystunum verður því samtals um 13 milljónir króna miðað við raforkuverð til heimila. Einnig kemur fram að með þessum breytingum haldast gæði matvörunnar betur



Geir Magnússon nýráðinn verslunarstjóri Nettó í Örfirisey.

þar sem hitastig er mun stöðugra, ísmyndun verði minni, auk þess sem orkusparnaðurinn muni leiða til verðlækkunar á frystum matvörum. Raforkusparnaðurinn er hluti af stefnu Nettó í gæða- og umhverfismálum. Í lok maí sl. voru lokaðir frystar komnir notkun í Nettó í Mjódd, Reykjanesbæ, Borgarnesi og Akureyri. Í byrjun ágúst bætist við ný Nettó-verslun á Grandanum við gömlu höfnina í Reykjavík. Endurbótunum á frystum verður lokið í öllum ellefu verslunum Nettó um allt land á næstu 12 til 18 mánuðum.

Óttumst ekki samkeppnina

Það er mat forráðamann Nettó, eftir að hafa fylgst með mælingum í lokuðum frystum undanfarið, að gæði frosinna matvæla hafi aukist mikið vegna þess að kæling er bæði meiri og stöðugri en í opnum frystum. Endurbæturnar leiða einnig til þess að minna verður fargað af skemmdum frystivörum sem er jákvætt umhverfisvænt skref í meðhöndlun frystivara hjá Nettó. Umhverfisvæn LED lýsing er í lokum frystana sem eykur sýnileika matvaranna og auðveldar val neytenda á frystivörum. „Við óttumst ekki samkeppnina en gerum okkur grein fyrir erfiðu svæði. En ætlum okkur stóra hluti og bíðum spenntir eftir að takast á við komandi verkefni. Við teljum að Nettó eigi fullt erindi inn á þessa svæði,“ segir Geir.

Rætt um aðgerðir gegn vargfugli í borgarráði



Vargfuglarnir hefur gert sig heimankominn í Tjarnarhólmanum, er þar að flestra mati til mikillar óþurftar.

Á fundi borgarráðs Reykjavíkur fyrir skömmu var lögð fram tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks þar sem segir m.a.: „Borgarráð beini því til umhverfis- og skipulagssviðs að gripið verði til virkari aðgerða gegn vargfugli í Reykjavík. M.a. verði gripið til hertra aðgerða gegn mávi við Tjörnina og til að stemma stigu við mávavarpum í eyjum á Kollafirði.“ Afgreiðslu var frestað en m.a. hefur verið rætt að leyfa leyfa að mávur verði skotinn en margir fuglar forð-

ast þau svæði þar sem fuglar að sömu tegund hafa verið skotnir.

Ennfremur hefur verið lögð fram tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks þar sem segir: „Borgarráð beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að efnt verði til átaks í því skyni að bæta umhirðu á opnum svæðum og við umferðargötur í borginni. Ekki síst þarf að huga betur að grasslætti í eystri hverfum borgarinnar.“ Afgreiðslu þessarar tillögu var einnig frestað.

**Akið varlega, spennid beltin
Verslunarmannahelgin
framundan!**



SALON REYKJAVÍK

Ný áhrifarík sléttumeðferð sem breytir krulluðu, úfnu hári í slétt, mjúkt og glansandi hár.

Meðferðin endist í 3-5 mánuði

Grandagarði 5 // sími: 568 5305

Bernskuminningar úr Vesturbænum

Anna Kristín Fenger rifjar upp bernskuárin á Lynghaganum, leikina sem farið var í, oft á götunni, skólagöngu, íþróttaiðkun í KR, balltettiðkun sem fékk snöggan endi og fararstjórn til Búlgaríu.

Var ákaflega gott að alast upp á Lynghaganum

Anna Kristín Fenger er fædd snemma vors 1958, uppalin á Lynghaga 7 til 13 ára aldurs þegar hún flutti yfir götuna og þar átti hún heima þar til hún hleypti heimdraganum. Foreldrar hennar voru Geir Ulrik Fenger og Kristín Guðmundsdóttir Fenger og hún á tvö systkini, eldri bróðir sem heitir Pétur Ulrik Fenger og starfar hjá innanríkisráðuneytinu og yngri systir, Idu Hildi Fenger sem er húsmóðir í Mosfellsbænum.

Móðurafi Önnu Kristínar átti matvöruverslun á Skólavörðustígnum, þar sem síðar var frímekjaverslun en verslunin hét Verslun Guðmundar Guðjónssonar. Þar starfaði Kristín móðir Önnu Kristínar lítils háttar en mun meira hennar bróðir sem síðar tók við búðinni og þar var Anna Kristín stundum, bæði sem barn og unglundur. Pabbi Önnu Kristínar starfaði hjá skóversluninni Hvannbergsbræðrum sem fyrst var í húsi Eimskips við Pósthússtræti en síðar á Laugavegi 24 og Laugavegi 71, en verslunina átti Jónas Hvannberg. Þegar hann deyr tekur sonur Jónasar, Gunnar og tengdadóttirin, Ebba, við rekstri skóbúðarinnar.

Það bjuggu einnig tvær systur mömmu við Lynghagan, Karítas móðir Jóhönnu Sigurðardóttur og Borghildur svo samgangur var mikill þarna á Lynghaganum, og við systkinabörnin voru býsna nán. Samkvæmt hefðinni gekk ég í Melaskólann og síðan í Hagaskóla en þegar ég útskrif-

aðist þaðan fór ég að vinna á skrifstofunni í Héðni og var þar í eitt ár. Þá ákvað ég að fara í sjúkraliðanáms og útskrifaðist frá Sjúkraliðaskólanum sem ekki er til lengur en námið hefur flust í Fjölbrotarskólann í Ármúla. Ég var á þessum árum ekkert viss í hvað ég vildi gera eða læra, var alls ekkert þessi bókakona, var hrifnari af einhverju verklegu. Ég starfaði sem sjúkraliði til ársins 1983, m.a. á gjörgæslunni á Landspítalanum, vöku-deildinni, en hætti síðan því starfi og réði mig til gamla lön-aðarbankans. Þegar bankarnir sameinuðust hætti ég og fylgdi lögmanni bankans sem stofnaði eigin lögmannsstofu, og þar var ég í 16 ár. Áður en það gerðist var ég fararstjóri í þrjú sumur hjá Kjartani hjá Ístravel í ferðum til Búlgaríu meðan ég var á vöku-deildinni en fékk leyfi til að taka að mér fararstjórnina til Búlgaríu. Þetta var hrein ævintýramennska sem datt í fangið á mér, og ég dreif mig bara af stað enda bara tvítug til í að prófa eitthvað alveg nýtt. Þetta voru skemmtileg sumur og eftirminnaleg og þroskandi tími. Það fóru margir Íslendingar til Búlgaríu á þessum tíma, en þetta var fyrir ferðir til tannlækna í Búlgaríu. Í dag starfa ég hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna, byrjaði þar árið 2006.“

Handbolti í KR og ballett í Þjóðleikhúsinu

Æskuárin voru svona hefðbundin, held ég. Ég fór auðvitað



Anna Kristín á ungra aldri, kát og glöð.

í KR og spilaði þar handbolta fram að unglingsárunum, líklega 15 eða 16 ára. Svo var ég einnig í ballett í Þjóðleikhúsinu og það var einnig ákaflega skemmtilegt, en hvort á sinn máta, handboltinn og ballettinn. Ég hætti mjög skyndilega í ballettinum, en ástæðan var sú að hafði verið að stytta mér leið heim og fékk sár á augað svo um það þurfti að binda. Ég var að fara í próf í Þjóðleikhúsinu, en á mig var ekkert hlustað þegar ég bað um frest til að taka prófið, ég gæti ekki dansað með sárabindi fyrir öðru auganu. Ég varð ákaflega svekkt, fannst þetta ósanngjarnt og mikil stífni, en ég hefði þurft að byrja aftur á sama prógrammi næsta vetur. En ég var ekkert hætt, fór m.a. um tíma í fimleika í KR-húsinu. Eftir að þessu tímabili lauk í æsku minni hef ég ekki sundað íþróttir, ef undanskildar eru skíðaferðir, hér heima ef það snjóar, en einnig erlendis. Sonurinn æfði á skíðum hjá Víkingi



Útskrift fagnað úr Sjúkraliðaskólanum.

og ég fór oft með honum upp á Hengilssvæðið.

Mínir bekkjarfélagar í barnaskóla eru mér margir minnstæðir, og sumir nokkuð þekktir í þjóðlífinu eins og Finnur Sveinbjörnsson sem var um tíma



Með eiginmanninum, Herjólfu Guðjónssyni.

bankastjóri Kaupþings eftir að endurreisn þess banka hófst og Hilmar Oddsson kvikmyndagerðarmaður. Það var mjög stór krakkaskari á þessum árum á Lynghaganum þegar ég var að alast þar upp, og auðvitað einnig í næstu götum. Á sumrin var farið út að leika og ekkert að koma inn fyrr en hallaði degi, og oft var gatan gerð að leiksvæði enda var bílaumferð aðeins hluti þess sem hún er í dag svo oft fengum við að vera í friði með okkar leik á miðri götunni, m.a. í brennó. Það var einnig vinsælt að fara í yfir og til þess var notað húsið að Lynghaga 13 en þar bjó systir Geirs Hallgrímssonar, sem þá var borgarstjóri. Húsið var lægra en önnur hús við götuna og hentaði ákaflega vel, en alltaf var beðið um leyfi. Í húsinu bjó auk þess stelpa sem var á svipuðum aldri. Oft var farið í fótbolta á svæðinu milli Tómasarhaga og Lynghaga þar sem nú er rólóvöllur, farið í kíló eða eitthvað annað. Við vorum eins mikið úti og við gátum og máttum og það var ekkert kynjaskipt, strákar og stelpur voru saman. Stundum var einhver togstreita við krakka í öðrum götum, en það var meira stríðni og ég held alltaf í góðu, engin líkamleg átök eða slagsmál. Það urðu minnsta kosti ekki neinir eftirmálar sem ég man eftir.

Varð svolítill uppi

Ég var svolítill uppi þegar ég var í Hagaskóla og vildi svolítill fara mínar eigin leiðir, og ég held að mamma hafi haft nokkrar áhyggjur af mér. Yngri systir mín var hins vegar alltaf svo blíð og góð og bróðir minn meiri námsmaður sem stóð sig vel í skóla. Ég var í einhverri baráttu á þessum árum.

Ég bý núna í Kópavogi en hélt lengi vel að úr Vesturbænum mundi ég aldrei flytja. Ég keypti mína fyrstu íbúð á Skeljagranda, þar ætlaði ég að vera, systir mín búin að kaupa íbúð á Aflagranda í Vesturbænum svo aldrei stóð til að flytja austur fyrir læk. En þegar ég seldi íbúðina flutti ég í Grafarvoginn, en ég viðurkenni að það var mjög mikið átak, komin langt frá Vesturbænum. En eftir að ég var kominn þangað losnaði um þessi tók sem þetta ágæti hverfi, Vesturbærinn, hafði haft á mér. Í dag langar mig ekkert að flytja þangað, en á ákaflega góðar minningar þaðan. Það var ákaflega gott að alast upp á Lynghaganum.



Að vaxa úr grasi, fallega og þjóðlega klædd.



Með mömmu á ferðalagi.

Nýr og spennandi matseðill

Steikur, hamborgarar, samlokur, pítur, pizzur og smáréttir

Komdu við og njóttu ljúffengra
veitinga í vinalegu umhverfi á
Hróa Hetti, Hringbraut 119

Við sendum
einnig heim
ljúffengan mat
af grillinu



30

tommu

RISAPIZZA

í barnaafmælið

-slær alltaf í gegn!



HRÓI HÖTTUR • HRINGBRAUT 119 • SÍMI 55 44 444

VEIÐIÞORTIÐ

10
ÁRA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3 | Sími 552 9940 | Opíð mán.-fös. kl. 9-18. Laugard. kl. 9-16. **Opíð á sunnudögum í allt sumar 10-14**

Barnavöðlur

Þessar hafa heldur betur slegið í gegn. Hvort heldur sem er í veiðina eða leikskólann.

Aldrei aftur blautir fætur. Grænar, bleikar, bláar og mosagrænar.

St.22 - 41

Verð frá **9.900 kr**



Ný sending af Polaroid gleraugum

Poki og bönd fylgja öllum gleraugum

Verð frá **3.900 kr**



Ódýra fluguveiðisettið

Frábært flugustangarsett. Stöng, lína, hjól, 10 flugur, veiðihúfa og taumur.

Aðeins **19.900 kr**



Sumardagur í Vesturbænum.

Starfsemi í Frostaskjóli yfir sumartímann

Það er búið að vera líf og fjör í Vesturbænum í sumar, en frístundaheimili Frostaskjóls halda úti starfsemi yfir sumartímann fyrir börn á aldrinum 6-9 ára.

Boðið er upp á vikunámskeið í senn, og eru þetta fjölmennustu námskeiðin sem Reykjavíkurborg býður upp á. Krakkarnir eru búin að þeytast um alla borg og eru ekki að láta smá rok og rigningu á

sig fá, þvert á móti! Meðal annars hafa krakkarnir farið í heimsókn í Árbæjarsafnið, Nauthólsvík, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, upp í Hallgrímskirkjuturn, heimsókn upp á Akranes og búið er að prófa flestar sundlaugarnar á höfuðborgarsvæðinu. Núna er byrjað sumarfrí, en frístundaheimilin halda áfram að leita uppi ævintýrin í ágúst og fram á skólabyrjun.

Félagsmiðstöðin Frosti bauð upp á smiðjur fyrir 10 - 12 ára krakka og var ýmislegt brallað. Brjóstsykursmiðja, hipp hopp námskeið, kökusmiðja, siglingar, grill, lunch-beat og hvalaskoðun var meðal þess sem boðið var upp á. Fjölbreytt dagskrá sem sló svo sannarlega í gegn.

Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra:

Aldrei of seint

- ný bók eftir Þóri S. Guðbergsson

Afmælisrit Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁIA), er komið út og segir brot af sögu félagsins fyrstu 25 árin. Félagið var stofnað árið 1985 af miklum hugsjónamönnum, þeim Guðrúnu Nielsen, Elísabetu Hannesdóttur, Þorgerði M. Gísladóttur og Þorsteini Einarssyni sem sátu í undirbúningsnefnd og var Guðrún Nielsen formaður félagsins fyrstu 25 árin. Öll stjórnarstjof félagsins hafa verið unnin í sjálfböðavinnu. Núverandi formaður er Þórey S. Guðmundsdóttir, íþróttakennari.

Afmælisritið Aldrei of seint er veglegt rit, 200 blaðsíður að stærð með um 160 litmyndum sem prýða bókina. Bókin fæst á skrifstofu Ungmennafélags Íslands en hún er fróðleg heimild og inniheldur forvitnilegar frásagnir höfundar. Félagsstarfið á Aflagranda hefur tekið þátt í sýningum og mótum. Með jákvæðum huga hafa stjórnarmenn og félagar bryddað upp á mörgum nýjungum í heilsurækt og lífsstíl aldraðra og lagt áherslu á að það sé Aldrei of seint að hefja reglulega hreyfing, styrkja þannig líkama og sál spyrna á móti ellihrörnun. Félagið hefur haldið sérstaka útidagaog ratleiki, sunddaga og sæluvikur á Laugarvatni þar sem íþróttir, söngur og leikur



Höfundurinn, Þórir S. Guðbergsson, við æfingar.

voru í fyrirrúmi. Einnig eru haldnar sívinsælar „öskudagshátíðir“ í íþróttahöllinni í Breiðholti þar sem mörg hundruð manna hafa safnast saman á hverju ári til að gleðjast, dansa saman og syngja. Þar hafa hópar úr Aflagranda tekið þátt og sýnt írþóttir og dans. Félagið hefur haldið mót í boccia

og þútti, en síðast en ekki síst hafa þeir haldið námskeið fyrir kennara og leiðbeinendur í íþróttum aldraðra annaðhvort ár og ferðast út um allt tland til að halda þar námskeið fyrir kennara og áhugasamt fólk um hreyfingu, lífsstíl og íþróttir.

www.borgarblod.is



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er

Kristín Ingólfssdóttir

Sverrir Einarsson

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkyrningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

KR sigraði á körfuboltamóti á Spáni í júní

Níundi og tíundi flokkur KR drengja var á körfuboltamót á Lloret de Mar á Spáni 30. júní til 6. júlí. Á mótinu kepptu lið frá Austurríki, Eistlandi, Frakklandi, Írlandi, Íslandi, Moldóvu, San Marínó, Spáni, Svíþjóð, Tyrklandi og Ungverjalandi. Bæði liðin stóðu sig gríðarlega vel á mótinu.

9. flokkur KR sigraði Ungverja í úrslitaleiknum, en flokkurinn er ríkjandi Íslands- og bikarmeistari. 10. flokkur KR hafnaði í öðru sæti eftir tap gegn Ungverjum. Oft var keppt við lið sem voru skipuð strákum fæddum 1996, en KR-ingarnir eru fæddir 1997 og 1998. Það gekk ekki bara vel hjá KR-strákunum innan vallar, heldur voru þeir KR til sóma í kurteisi og íþróttamannlegri framkomu.

Þjálfari strákanna er Bojan Desnica sem hefur þjáfað strákana mörg ár og gert frábæra hluti í körfuboltanum hjá KR.



KR-ingarnir á Spáni.

KR mætti ofjörlum sínum í Standard Liege í Evrópudeildinni

KR gerði markalaust jafntefli við Glentoran í heimaleik í Frostaskjólí 1. umferðar undankeppni Evrópudeildar UEFA, en spýttu svo í lófanna í leiknum á Norður-Írlandi og unnu 3:0.

Glentoran mætti í Frostaskjólí til að verjast og tókst það mæta vel. Þeir héldu markinu hreinu en sóknarleikurinn var ekki merkilegur. Þeir töfðu leikinn af öllu tilefni og setti það leiðinlegan svip á leikin. Annað eins hefur ekki sést frá því KR lék við albanska félagið KS Vllaznia Shkodër í Laugardalnum fyrir 12 árum. Þeir spiluðuð meiri sóknarleik á heimavelli, og þá opnaðist vörnin svolítið. Eftir markalausn fyrri leik í Frostaskjólíinu var ljóst að KR-ingar þyrftu að sækja til sigurs, og það gerðu þeir. Gary Martin kom bikarmeisturinum á bragðið er hann vippaði boltanum yfir markvörð Glentoran í fyrri hálfleik. Jónas Guðni Sævarsson skoraði svo bæði mörk KR í seinni hálfleik. Það fyrra á 65. mínútu með glæsilegu skoti upp í markvinkilinn fjær. Hann innsiglaði sigurinn svo endanlega með þriðja marki KR sem kom í uppbótartíma.

KR mætti belgíska liðinu Standard Liege í annarri umferð forkeppninnar. Fyrri leikurinn var í Frostaskjólí í Frostaskjólí 18. júlí sl. og vann Standard Liege öruggan sigur, 3:1. Seinni leikurinn í Belgíu endaði einnig 3:1 fyrir Belgana og er KR því úr leik í ár í Evrópudeild UEFA.

Leikurinn í Belgíu var 16. Evrópuleikur KR og hafa KR-ingar hefur sigrað í 14 leikjum, gert 13 jafntefli en



Baldur Sigurðsson skallar yfir eftir hornspyrnu á 86. mínútu í fyrri leik liðsins gegn Glentoran.

tapað 37 sinnum. Markatalan er 73-147, KR í óhag. Baldur Sigurðsson lék sinn 29. leik í Evrópukeppni og er orðinn næst leikjahæstur þeirra sem hafa leikið fyrir íslensk félög í Evrópukeppni ásamt Heimi Guðjónssyni og Sigursteini Gíslasyni.

KR-ingar geta nú snúið sér óskiptir að bikarkeppninni og Pepsi-deild karla en þeir eru í toppbaráttu á báðum stöðunum. Á morgun 1. ágúst, leika þeir til undanúrslita við Stjörnuna í Borgunarbikarnum á gervigrasvöllinum í Garðabæ.

KR-SÍÐAN



4. flokkur karla:

KR tapaði og vann gegn Þór



Hart barist um boltann í leik A-liða A í 4. flokki karla, KR gegn Þór.

KR-ingar léku sl. laugardag gegn Þór í 4. flokki karla A-liða A. Leikurinn var liður í Íslandsmótiinu í knattspyrnu. Leikið var á gervigrasvöllinum þar sem grasíð var sagt of blautt!

Leikurinn var fjörugur lengst af, bæði lið sóttu stítt og ætluðu sér sigur. Svo fór að lokum að Akureyringarnir í Þór unnu 3 : 1. Mark KR skoraði Ólafur Dagur Thorlacius. Þór er í efsta sæti í keppni

A-liða A með 16 en KR er í 3. sæti með 14 stig.

Í leik B-liða A sem fór fram strax á eftir snérist dæmið hins vegar við, KR vann þann leik 3 : 1. Þar hefur KR yfirburðastöðu, er með 21 stig en Þórsarar koma næst með 13 stig. Tvö marka KR í þeim leik skoraði Pétur Matthías Sæmundsson en Atli Már Heimisson gerði eitt mark.

Góður árangur á Síamótinu



Sigri fagnað í 5. flokki b.

KR sendi öflugt lið til keppni á Síamótinu í Kópavogi, en þar kepptu stúlkur í 7. flokki upp í 5. flokk.

5. flokkur í flokki b-liða náði góðum árangri, stelpurnar urðu í fyrsta sæti í sínum flokki. 7. flokkur kvenna sendi eitt lið og keppti

sem b-lið og var í 3. sæti í sínum flokki.

Síamótið er stærsta mótið sem fram fer héraendis ár hvert, og þar keppa eingöngu stúlkur. Breiðablik er framkvæmdaaðili mótsins.

Framtíðarkörfuboltamenn á námsskeiði hjá KR



Körfuboltanámskeið hefur staðið yfir í KR-heimilinu í Frostaskjólí í sumar, og eru það yngstu iðkendurnir sem það sækja. Mikil leikgleði er ríkjandi á þessum námsskeiðum en samt er haldið uppi miklum aga sem fylgt er í hvívetna. Á myndinni hefur hersinginn safnast saman á miðjunni áður en næsta viðfangsefni á námsskeiðinu er tilkynnt.



GETRAUNANÚMER
KR ER 107

VELKOMIN Í NÝJA
OG SPENNANDI VERSLUN
NETTÓ GRANDA - OPIÐ DAG OG NÓTT
OPNUM 02.08 KLUKKAN 13:00



VELKOMIN
Á OPNUNARHÁTÍÐ

- * **BYLGJAN** Í BEINNI
- * VINNUR ÞÚ **GJAFAKORT** FRÁ NETTÓ
- * **LANDSLÍÐSSTELPURNAR** Í FÓTBOLTA ÁRITA PLAKÖT
- * **300 FYRSTU** FÁ GJAFABRÉF FRÁ ÍSBÚÐINNI VALDÍSI
- * **100 FYRSTU** FÁ ÓVÆNTAN GLÆÐNING!

*Frábær
opnunartilboð!*

nettó 

LÁGT VERÐ
DAG & NÓTT